



STYKKISHÓLMsbÆR

Reglur um niðurgreiðslur á dagvistargjöldum foreldra með börn í dagvistun hjá dagforeldrum

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Stykkishólms eru greidd niður daggjöld vegna barna sem eru í daggæslu í heimahúsum og eiga lögheimili í Stykkishólmi.

Niðurgreiðslur eru háðar eftirfarandi skilyrðum:

Að barnið dvelji hjá dagforeldri sem hefur leyfi yfirvalda til daggæslu á heimili sínu.
Að barnið sé á aldrinum 6 mánaða til 18 mánaða. Niðurgreiðslan nær einnig til barna 18 mánaða til 6 ára fái þau ekki pláss á leikskóla vegna biðlista.
Að hvorugt foreldranna sé í fæðingarorlofi.
Að kvittun frá viðkomandi dagforeldri staðfest af foreldri berist skrifstofu Stykkishólmsbæjar fyrir 25. hvers mánaðar á eyðublöðum sem þar fást.

Niðurgreiðslur eru miðaðar við tímalengd og er dagvistun niðurgreidd ef barn dvelur 4 klst. eða lengur á dag hjá dagforeldri virka daga. Ekki er greitt fyrir skemmri tíma en 4 klst. á dag.

Daggæslugjöld eru niðurgreidd að hámarki 11 mánuði á ári.

Umsókn þarf að fylgja staðfesting á starfsleyfi dagforeldris og ef foreldi er í námi þarf einnig að fylgja vottorð um skólavist.

Niðurgreiðslur á mánuði:

Vistunartími á dag	Flokkur 1	Flokkur 2	Viðbótargreiðsla v/systkina
	Hjón/sambúð	Einst. for/for í námi	
4 stundir	6.200	8.000	2.700
5 stundir	7.750	10.000	3.400
6 stundir	9.300	12.000	4.100
7 stundir	10.850	14.000	4.800
8 stundir	12.400	16.000	5.500
9 stundir	13.950	18.000	6.200

Viðbótargreiðsla vegna systkina:

Ef annað barnið er hjá dagforeldri, en hitt í Leikskólanum í Stykkishólmi gildir afsláttur leikskólans.

Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2006.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar
22. desember 2005